



283. Stjórnarfundur haldinn 1. mars 2007 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn og Bjarney.

1. Skipting stjórnar.

Einar bar upp tillögu um óbreytta skiptingu stjórnar en hún var öll endurkjörin á aðalfundinum 28. feb. 2007. Kári varaformaður, Þórður Magni gjaldkeri, Sigurvin ritari og Birgir meðstjórnandi. Varamenn Sveinn, Guðjón og Bjarney.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Bréf frá : UMSK v/landsmóts forkeppni knattspyrna, tölvupóstur frá Skúla Jónssyni v/tíma fyrir drengi sem eru að iðka handbolta og umsókn frá Heiðrínu Rós um starf í íþrótt- og leikjaskóla í sumar. Framkvæmdastjóra falið að skoða mál handboltastráka gagnvart bænum.

4. Send bréf.

Tölvupóstur sendur v/boðsbréfs á aðalfundinn sent bæjarstjórn, ÍT,forstöðumönnum íþróttamannvirkja RNB, Víkurfréttum, Tíðindum, Helga Bjarnasyni Morgunblaðinu og Viðari Oddgeirssyni hjá ríkissjónvarpinu.

5. Aðalfundur félagsins 2007.

Ákveðið að kalla laganevnd á næsta stjórnarfund og setja hana í gang.

6. Önnur mál.

Rætt um að skipa fulltrúa í landsmótsnefnd frestað til næsta fundar. Umræður um ný drög að félagsheimili Keflavíkur sem á að rísa ofan á búningsklefum íþróttahússins á Sunnubraut. Ákveðið að Einar, Kári og Þórður Magni verði áfram í félagsheimilanevnd. Rætt um málefni körfuknattleiksdeildar. Sigurvin kom inn á íþrótt- og forvarnarverkefni sem félagið tæki að sér og fengi til liðs við sig fagaðila. Málið tekið aftur fyrir á næsta stjórnarfundu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:15

